

L Ö G

um breyting á lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

10. grein laganna orðist svo:

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða til bústofnunar í sveit. Skyldu-sparnaður hefst við næstu mánaðamót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu mánaðamót eftir að hann verður 26 ára. Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild byggingarsjóðs ríkisins fyrir alla þá, sem búsettir eru í kaupstöðum og kaupúnum, en í Stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands fyrir þá, sem búsettir eru í sveitum.

Fé það, sem skylt er að spara á þennan hátt, er undanþegið tekjuskatti og útsvari.

Þegar sá, er safnað hefur fé í sjóð samkvæmt 1. mgr., hefur náð 26 ára aldri, eða gengur í hjónaband og stofnar heimili, skal hann eiga þess kost að fá sparifé sitt endurgreitt að viðbættum þeim vöxtum og uppbót vegna vísitöluhækkunar, sem greidd er af vísitölubundnum verðbréfum á innlánstímanum. Enn fremur skulu þeir sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist þá, þó eigi yfir ½ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Þessi forgangsréttur til lána er þó bundinn því skilyrði, að sparifjáröfnun þeirra, sem að byggingu hlutaðeigandi íbúðar standa, nemi samantlagt að minnsta kosti 50000 kr.

Sérhverjum skal heimilt að leggja til hliðar í þessu skyni hærri hluta launa sinna en 15%, byrja sparnaðinn fyrir en tilskilið er og halda honum áfram lengur. Þeir, sem lagt hafa fé í Stofnlánadeild landbúnaðarins og vilja stofna bú í sveit, skulu njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu um lán til bústofnunar úr Stofnlánadeildinni, enda verði þau lán veitt með sams konar vísitölutryggingu og hin vísitölubundnu lán húsnæðismálastjórnar. Heimilt er Búnaðarbanka Íslands og húsnæðismálastjórn að semja um, að réttindi þessi verði gagnkvæm.

Fé, sem lagt er til hliðar samkvæmt þessari grein og 9. grein, skal vera skatt- og útsvarsfrjálst sem eign og ekki framtalsskylt. Enn fremur skulu vextir af þessu fé undanþegnir framtalsskyldu til tekju- og eignarskatts og skatt- og útsvarsfrjálsir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. maí 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.